

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1102

Dagsetning: 24. febrúar 2026 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HÞ), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Ketill Berg Magnússon (KBM), sem sat fundinn undir liðum 1 til 9, Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM) og Brjánn Jónasson (BJ), sem sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað og ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Ólafur Þór Magnússon kerfisstjóri sat fundinn undir lið 4.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 17. febrúar 2026 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir vikunnar

Umræður um fundi vikunnar hjá framkvæmdastjórn.

3. Aðsend erindi

Fjallað var um erindi frá heilbrigðisráðuneytinu um tilraunaverkefni í ADHD-greiningum barna þar sem Heilsugæslan Mosfellsbæ verður þátttakandi.

4. Tölvumál

Ólafur Þór Magnússon kerfisstjóri kom á fundinn og upplýsti um ástandið í tölvumálum og ítrekaðar bilanir. Ákveðið var að setja upp áætlun um endurnýjun á búnaði til að koma í veg fyrir sambærileg atvik í framtíðinni.

5. Ársfundur HH

Rætt var um fyrirhugaðan ársfund HH og hverjum verði boðið á fundinn.

6. Viðburðir framundan

Rætt var um árshátíð HH og ferð á vegum starfsmannafélagsins til Mílanó í haust.

7. Fundur með ráðherra

SDM upplýsti um ýmis málefni sem rætt var um á fundi með heilbrigðisráðherra í síðustu viku.

8. Fjármál og rekstur

Farið var yfir stöðu fjármála og rekstrar hjá HH til að undirbúa fund með forstöðumönnum allra starfseininga hjá stofnuninni.

9. Berklasmit

Rætt var um berklasmit sem greindist hjá tveimur starfsmönnum Heilsugæslunnar Miðbæ, viðbrögð og næstu skref.

10. Fundur LH í Kaupmannahöfn

Umræður um dagskrá fundar Landssambands heilbrigðisstofnana í Kaupmannahöfn og hverjir verði fulltrúar HH á fundinum.

11. Gott að eldast

Rætt var um góðan árangur af verkefninu Gott að eldast í Mosfellsbæ. Frá því verkefnið fór af stað hefur fjöldi skjólstæðinga tvöfaldast án auka kostnaðar. Samtöl við önnur sveitarfélög sem Heimahjúkrun HH þjónustar eru í gangi um sambærileg verkefni þar.

Aðgerðir og verkefni

- Vinna þarf áætlun um endurnýjun tölvubúnaðar, sjá lið 4.
Ábyrgð: HP
- Þjóða þarf á ársfund HH, sjá lið 5.
Ábyrgð: BJ
- Kynna þarf stöðu fjármála og rekstrar á fundi forstöðumanna, sjá lið 8.
Ábyrgð: HP
- Halda þarf áfram vinnu tengt berklasmiti, sjá lið 9.
Ábyrgð: NSK, KBM, BJ
- Halda þarf áfram viðræðum um verkefni sambærileg við Gott að eldast í fleiri sveitarfélögum, sjá lið 11.
Ábyrgð: RÖE

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:40.